

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds og báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og skulu þær vera 20—1000 krónur og renna í lendingarbótasjóðinn.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem opinber mál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 98 14. maí 1940, um eignar- og notkunarrétt jarðhita.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórnin lætur framkvæma, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, rannsókn jarðhita og jarðboranir í því sambandi fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er þess óska. Skal haga rannsóknum og borunum þannig, að mestar líkur séu til, að þær komi að notum til húsa hitunar og iðnaðar fyrir kaupstaði, kauptún og byggðahverfi.

Eigendum eða umráðamönnum jarða, þar sem jarðhiti er augljós eða jarðhitasvæði, er og heimilt að leita aðstoðar ríkisins við rannsókn jarðhitans.

2. gr.

Á eftir 9. gr. komi 3 greinar, er verði 10., 11. og 12. gr., og orðist svo:

- a. (10. gr.) Ríkisstjórninni heimilast, að fengnum tillögum rannsóknaráðs ríkisins, að kaupa nægilega marga jarðbora af hentugri stærð eða stærðum og verja til þess fé úr ríkissjóði.

- 114 b. (11. gr.) Kostnaður við jarðhitaboranir, sem framkvæmdar eru af bæjar- eða
30. des. sveitarfélögum eða eftir tilmælum þeirra, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, en að hálfu úr viðkomandi bæjar- eða sveitarsjóði, enda séu boranirnar framkvæmdar að ráði þeirrar stofnunar, er ríkisstjórnin kveður til þess, og væntanlegar hitaveitur eða orkuver, sem reist kunna að verða að fenginni slíkri rannsókn, eign eins eða fleiri bæjar- eða sveitarfélaga.

Kostnaðaráætlanir um jarðhitaboranir eða rannsókn jarðhitans, hvort heldur er bæjar- og sveitarfélaga eða einstaklinga, skulu veittar ókeypis, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nú hefur bæjar- eða sveitarfélag þegar látið framkvæma slíkar boranir, og skal þá kostnaður við þær einnig greiddur að hálfu úr ríkissjóði með sömu skilmálum og í 1. mgr. segir, enda telji ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar, að boranirnar hafi verið rétt ráðnar.

- c. (12. gr.) Rétt er ríkisstjórninni, í samráði við rannsóknaráð ríkisins, að taka sérfræðing í sína þjónustu til ráðuneytis um þessi mál, en fela framkvæmd þeirra að öðru leyti þeirri ríkisstofnun, er hún telur henta.

3. gr.

Greinatalan breytist samkvæmt framanskráðu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

115

30. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 39 19. júní 1933, um kjötmat o. fl.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Allt kindakjöt, sem flutt er á erlendan markað eða selt á innlendum markaði, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna. Flokkun kjötsins skal vera nákvæm, og setur ráðuneytið, að fengnum tillögum yfirkjötmatsmanna og nokkurra af helztu útflytjendum, reglur um mat, frýstingu, söltun, umbúðir, merkingu kjötsins og meðferð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.